

# Áhrif réttlátra kvenna

EFTIR DIETER F. UCHTDORF, FORSETA  
annan ráðgjafa í Æðsta forsætisráðinu

Ritningarnar nefna nöfn nokkurra kvenna sem hafa blessað einstaklinga og kynslóðir með andlegum gjöfum sínum. Eva, móðir allra lifenda, Sara, Rebekka, Rakel, Marta, Elísabet og María, móðir frelsara okkar, munu ætíð verða heiðraðar og munað eftir. Ritningarnar minnst einnig á konur sem ekki eru nafngreindar en blessa þó líf okkar í gegnum fordæmi sitt og kennslu, eins og samversku konuna sem Jesús hitti við brunninn í Síkar (sjá Jóh 4), hina fullkomnu eiginkonu og móður sem lýst er í Okv 31 og trúföstu konuna sem læknaðist einungis með því að snerta klæði frelsarans (sjá Mark 5:25–34).

Er við lítum á sögu þessarar jarðar og á sögu endurreistar kirkju Jesú Krists þá verður það augljóst að konur eiga sérstakan stað í áætlun föðurs okkar er snýr að eilífri hamingju og velferð barna hans.

Ég vona að kæru systur mínar um gervallan heim – ömmur, mæður, frænkur og vinir – að þið munuð aldrei vanmeta krafta áhrifavalds ykkar til hins góða, sérstaklega í lífi okkar verðmætu barna og unglunga!


Heber J. Grant forseti (1856–1945) sagði, „Án tryggðar og algjör vitnisburðar á lifandi Guði í hjörtum mæðra okkar myndi þessi kirkja deyja.“<sup>1</sup> Og höfundur Orðskviðanna sagði: „Fræð hinn unga um veginn sem hann á að halda og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja.“ (Okv 22:6).

Gordon B. Hinckley forseti ráðlagði konum í kirkjunni:

„Það er svo geysilega mikilvægt að kirkjunnar konur séu sterkar og óhagganlegar varðandi það sem rétt er og viðeigandi í áætlun Drottins. . . .“

Við áköllum kirkjunnar konur um að standa saman til réttlætis. Þær verða að byrja á sínu eigin heimili. Þær geta kennt reglurnar í bekkjum sínum. Þær geta látið rödd sína hljóma í samfélaginu.“<sup>2</sup>

Til er orðatiltæki sem segir að stór hlið hreyfast á litlum lömum. Systur, fordæmi ykkar í að því er virðist litlum hlutum mun skipta stóru máli í lífi unga fólksins okkar. Hvernig þið klæðið ykkur og snyrtið, talsmáti ykkar, hvernig þið biðjið bænir, hvernig þið berið vitnisburð ykkar og hvernig þið lifið á hverjum degi mun



skipta máli. Þetta felur í sér á hvaða sjónvarpsþætti þið horfið, hvaða tónlist þið veljið og hvernig þið notið Alnetið. Ef ykkur þykir vænt um að fara í musterið þá mun unga fólkinu sem metur fordæmi ykkar mikils einnig þykja vænt um að fara í musterið. Ef þið aðlagið fataskáp ykkar að musterið en ekki öfugt, þá mun unga fólkið vita hvað ykkur finnst mikilvægt og það mun læra af ykkur.

Þið eruð dásamlegar systur og frábær fordæmi. Ungu fólkið okkar er ríkulega blessað af ykkur og Drottinn elskar ykkur fyrir það.

### Fordæmi um trú

Leyfið mér að deila nokkrum hugsunum um systur Carmen Reich, tengdamóður mína, sem var sannarlega kjörin kona. Hún tók á móti fagnaðarerindinu á erfiðasta og dimmasta tíma lífs síns og hún losaði sig undan sorg og harmi.

Sem ung kona – ekkja og móðir tveggja stúlkna – losaði hún sig úr heimi gamalla hefða og færði sig inn í heim mikillar andlegrar viðleitni. Hún tók á móti kennslu fagnaðarerindisins með vitmunalegum og andlegum krafti þess mjög hratt. Þegar trúboðarnir gáfu henni Mormónsbók og buðu henni að lesa versin sem þeir höfðu merkt þá las hún alla bókina á einungis fáeinum dögum. Hún lærði hluti sem tóku fram yfir skilning jafnoka hennar vegna þess að hún lærði þá með anda Guðs. Hún var auðmjúkust af þeim auðmjúku, vitrust af þeim vitrustu vegna þess að hún var reiðubúin og nægilega tær til að trúa því sem Guð hafði sagt.

Hún var skírð 7. nóvember, 1954. Einungis nokkrum vikum eftir skírn sína var hún beðin um að skrifa vitnisburð sinn af trúboðanum sem skírði hana. Trúboðinn vildi nota vitnisburð hennar í kennslu sinni til að hjálpa öðrum að finna fyrir sönnunum anda trúskiptingar. Sem betur fer geymdi trúboðinn handskrifaða frumeintakið í rúmlega 40 ár og síðan skilaði hann því til hennar sem mjög sérstakri og ástríkri gjöf.

### Vitnisburður fæddur af andanum

Leyfið mér að deila með ykkur hluta af skrifuðum vitnisburði hennar. Vinsamlega hafið í huga að hún skrifaði þessi orð einungis nokkrum vikum eftir að hafa heyrt um fagnaðarerindið. Áður en trúboðarnir komu

hafði hún ekki heyrt neitt um Mormónsbók, Joseph Smith né almennt um mormóna. Árið 1954 voru öll musterin staðsett á meginlandi Bandaríkjanna fyrir utan eitt í Kanada og annað á Hawaii.

Þetta er ensk þýðing af handskrifuðum vitnisburði systur Reich:

„Sérstök einkenni Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu sem ekki er að finna í öðrum trúfélögum innihalda, fyrst af öllu nútíma opinberun gefna með spámanningnum Joseph Smith.

Næst er Mormónsbók á sínu hreina og tæra tungumáli með öllum sínum leiðbeiningum og loforðum til handa kirkju Jesú Krists; hún er sannarlega annað vitni, saman með Biblíunni, að Jesús Kristur lifir.

Bundin saman með trú á persónulegan Guð, það er Guð föðurinn, Guð soninn og heilagan anda, sem greiðir fyrir bænarleidd og hefur einnig persónuleg áhrif.

Einnig trú á fortíveruna, fyrra líf, tilgang jarðlífs okkar og líf okkar eftir dauða er svo verðmætt fyrir okkur og sérstaklega áhugavert og fræðandi. Það er greinilega sett fram og líf okkar hlýtur nýja merkingu og stefnu.

Kirkjan hefur gefið okkar Vísdomsorðið sem leiðbeiningu til að halda líkama og anda í sem besta formi sem mögulegt er til að hægt sé að ná þráum okkar og markmiðum. Því höldum við líkómum okkar heilbrigðum og betrubættum þá. Allt þetta kemur frá þeirri þekkingu að við munum rísa með þeim aftur eftir dauðann í sömu lögun.

Algjörlega framandi fyrir mér, auðvitað, er musteri-verkið með sínar mörgu heilögu helgiathafnir, hafandi fjölskyldur saman að eilífu. Allt þetta var opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith.“

Carmen Reich, kær tengdamóðir mín, lést árið 2000 þá 83 ára að aldri.

### Einstakt kvenlegt auðkenni

Líf kvenna í kirkjunni er kröftugt vitni þess að andlegar gjafir, loforð og blessanir Drottins eru gefin öllum þeim sem gera sig hæfa, „svo að allir hafi gagn af“ (K&S 46:9; sjá vers 9–26). Kenningar hins endurreista fagnaðarerindis skapa dásamlegt og „einstakt kvenlegt auðkenni sem hvetur konur til að þróa getu sína“ sem sannar og bókstaflegar dætur Guðs.<sup>3</sup> Með þjónustu í Líknarfélaginu, Stúlknafélaginu og Barnafélaginu

– svo ekki sé minnst á persónulegar gjörðir kærleiks og þjónustu – hafa konur alltaf og munu konur alltaf gegna mikilvægu hlutverki við að hjálpa til „að tryggja og efla málstað Síonar.“ (K&S 6:6). Þær hugsa um hina fátæku og veiku, þjóna í trúboðum, velferðartrúboðum, mannúðartrúboðum og öðrum trúboðum, kenna börnum, unglingum og fullorðnum og láta af hendi rakna í stundlegum og andlegum velferðarmálum hinna heilögu á margan annan hátt.

Vegna þess að möguleiki þeirra til góðs er svo mikill og gjafir þeirra svo fjölbreyttar þá geta konur verið í hlutverkum sem breytast með aðstæðum þeirra í lífinu. Raunar þurfa sumar konur að uppfylla mörg hlutverk á sama tíma. Vegna þessa þá eru Síðari daga heilagra konur hvattar til að afla sér menntunar og þjálfunar sem mun gera þær hæfar bæði fyrir hússtjórnun og að ala upp réttláta fjölskyldu sem og afla peninga utan heimilisins ef aðstæður krefjast þess.

Við lífum á stórkostlegum tímum fyrir allar konur í kirkjunni. Systur, þið eruð nauðsynlegur hluti af áætlun himnesks föður fyrir eilífa hamingju, þið hafið fengið himneska vöggugjöf. Þið eruð hinir sönnu byggingameistarar þjóða hvar sem þið búið vegna þess að sterk heimili ástar og friðar munu færa hverri þjóð öryggi. Ég vona að þið skiljið það og ég vona að mennirnir í kirkjunni skilji það einnig.

Það sem þið systurnar gerið í dag mun ákvarða hvernig reglur hins endurreista fagnaðarerindisins geta haft áhrif á þjóðir heimsins á morgun. Það mun ákvarða hvernig þessir himnesku geislar fagnaðarerindisins munu lýsa hverju landi í framtíðinni.<sup>4</sup>

Þótt við tölum oft um áhrif kvenna á framtíðar kynslóðir þá bið ég ykkur að vanmeta ekki áhrifin sem þið getið haft í dag. David O. McKay forseti (1873–1970) sagði að aðal ástæðan fyrir því að kirkjan var skipulögð var „að gera lífið gott í dag, að veita hjartanu ánægju í dag og færa sáluhjálp í dag. . . .“

Sum okkar horfa fram á við til tímans í framtíðinni – sáluhjálpar og upphafningar í komandi heimi – en dagurinn í dag er hluti af eilífðinni.<sup>5</sup>

### **Blessanir meira en hugsast gæti**

Er þú stendur undir þessu verkefni, sama í hvaða aðstæðum þú ert í í lífinu – sem eiginkona, sem móðir,

sem einstæð móðir, sem fráskilin kona, sem ekkja eða sem einstæð kona – þá mun Drottinn, Guð okkar, opna upp fyrir þér ábyrgð og blessanir langt umfram getu þína til að ímynda þér.

Má ég bjóða ykkur að standa undir þeim stórkostlega möguleika sem þið búið yfir. En teygið ykkur ekki umfram getu ykkar. Setjið ekki markmið umfram áorkunargetu ykkar. Ekki finna fyrir sektarkennd eða dveljið við hugsun um mistök. Ekki bera ykkur saman við aðra. Gerið ykkar besta og Drottinn mun útvega það sem upp á vantar. Hafið trú og traust á hann og þið munið sjá kraftaverk gerast í lífi ykkar og lífum ástvina ykkar. Dyggð ykkar eigin lífs mun verða ljós fyrir þá sem sitja í myrkrinu vegna þess að þið eruð lifandi vitni um fullnustu fagnaðarerindisins (sjá K&S 45:28). Hvar sem ykkur hefur verið plantað á þessa fallegu en oft á tíðum böguðu jörð okkar, þá getið þið „[stutt] þá óstyrku, lyft máttvana örmum og [styrkt] veikbygð kné“ (K&S 81:5).

Kæru systur, er þið lifið ykkur daglegu lífi með öllum sínum blessunum og áskorunum, leyfið mér að fullvissa ykkur um að Drottinn elskar ykkur. Hann þekkir ykkur. Hann hlustar á bænir ykkar og hann svarar þessum bænum hvar sem þið kunnið að vera í þessum heimi. Hann vill að þið náðið árangri í þessu lífi og í eilífðinni.

Bræður, ég bið þess að við sem prestdæmishafar – sem eiginmenn, feður, synir, bræður og vinir þessara útvöldu kvenna – megum sjá þær eins og Drottinn sér þær, sem dætur Guðs með óendanlega möguleika til að hafa áhrif til góðs á heiminn.

Snemma á dögum endurreisnarinnar talaði Drottinn við Emmu Smith í gegnum eiginmann hennar, spámánninn Joseph Smith, veitandi henni leiðbeiningu og blessanir: „[Vertu] staðföst og [gakktu] á vegi dyggðarinnar frammi fyrir mér. . . . Þú þarft ekki að óttast. . . . Þú skalt leggja til hliðar það, sem þessa heims er, og leita þess, sem betra er. . . . Lyft því upp hjarta þínu og fagna. . . . Og þú munt hljóta kórónu réttlætisins“ (K&S 25:2, 9, 10, 13, 15).

Um þessa opinberun lýsti Drottinn yfir: „Þetta er rödd mín til allra“ (vers 16).

Síðar sagði spámaðurinn Joseph Smith systrunum: „Ef þið standið undir forréttindum ykkar þá er ekki hægt að aftra því að englarnir verði félagar ykkar.“<sup>6</sup>

Um þessa hluti ber ég vitni og ég sendi ykkur ást mína og blessanir sem postuli frelsara okkar, Drottins Jesú Krists.

#### HEIMILDIR

1. Heber J. Grant, *Gospel Standards*, safnað af G. Homer Durham (1941), 151.

2. Gordon B. Hinckley, "Standing Strong and Immovable," *Worldwide Leadership Training Meeting*, jan. 10, 2004, 20.
3. "Women, Roles of: Historical and Sociological Development," in Daniel H. Ludlow, ed., *Encyclopedia of Mormonism*, 5 vols. (1992), 4:1574.
4. Sjá „Heyrið og nemið himnanna óð.“ *Sálmur*, nr. 105.
5. David O. McKay, *Pathways to Happiness*, Llewelyn R. McKay tók saman (1957), 291–92.
6. *History of the Church*, 4:605.

## HUGMYNDIR FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaránda numið þennan boðskap, skuluð þið miðla honum þannig að hann hvetji til þátttöku þeirra sem þið kennið. Eftirfarandi eru nokkur dæmi:

1. Lesið lýsingu Uchtdorfs forseta á tengdamóður sinni, Carmen Reich, frá hlutanum „Fordæm um trú“. Lesið síðan vitnisburð systur Reich og ræðið um reglur fagnaðarerindisins. Ljúkið með því að bjóða fjölskyldumeðlimum að deila dæmum um réttlátar konur sem hafa haft jákvæð áhrif á líf þeirra.

2. Ræðið um einkenni réttlátra kvenna í tengslum við hlutann „Einstakt kvenlegt auðkenni“. Notið dæmi úr greininni, farið yfir leiðir sem konur geta haft réttlát áhrif á aðra. Ljúkið með því að lesa síðustu málsgrein greinarinnar.